

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR KVÍKU EIGNASTÝRINGAR HF.

Þriðjudaginn 22. mars 2022, kl. 14:30, var aðalfundur Kvíku eignastýringar hf., kt. 520506-1010 (hér eftir „**KE**“ eða „**félagið**“), haldinn á skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2021
4. Kynning á ársreikningi félagsins fyrir árið 2021 og hann lagður fram til samþykktar ásamt ákvörðun um meðferð hagnaðar ársins.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem löglega eru fram bornar (ef við á).
7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins
8. Kosning endurskoðenda félagsins
9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna
10. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl
11. Önnur mál

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Fundarsetning

Stjórnarformaður félagsins, Hrönn Sveinsdóttir, setti fundinn og bauð hluthafa velkomna á aðalfund félagsins.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórnarformaður gerði tillögu um að Andri V. Sigurðsson, stjórnarmaður félagsins, tæki að sér fundarstjórn. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um að Anna Daníelsdóttir, lögfræðingur félagsins, yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins, lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem færu með 100% af hlutafé félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2021

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið. Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár og fór yfir helstu atriði í rekstri félagsins með vísan til skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins fyrir árið 2021.

4. Kynning á ársreikningi félagsins fyrir árið 2021 og hann lagður fram til samþykktar ásamt ákvörðun um meðferð hagnaðar ársins

Fundarstjóri fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn samhljóða.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Kviku eignastýringar hf. leggur til við aðalfund félagsins að greiddur verði út arður að fjárhæð 1.000.000.000 kr. vegna rekstrarársins 2021.“

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Hluthafar samþykktu tillöguna samhljóða.

5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um uppfærslu á starfskjarastefnu félagsins. Starfskjarastefnan er svohljóðandi:

STARFSKJARASTEFNA KVÍKU EIGNASTÝRINGAR HF.

Markmið

Starfskjarastefna Kviku eignastýringar hf., hér eftir nefnt KE eða félagið, er ætlað að endurspeglar markmið félagsins að félagið verði áfram eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla einstaklinga og byggja upp og viðhalda langtímasambandi við starfsfólk.

Til að stuðla að arðsömum rekstri er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til þess að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur, í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur.

Starfskjarastefnu KE er ætlað að:

- Veita hluthöfum innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins.
- Tryggja að starfskjör og kaupaukar séu með þeim hætti að þau styðji við markmið félagsins.
- Koma í veg fyrir að starfskjör hvetji til óhóflegrar áhættusækni.
- Tryggja að starfskjörin samræmist gildum, þ.e. hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa, langtímahugsun, sjálfbærni, stöðu félagsins á hverjum tíma, lögum, reglum, góðum stjórnar- og viðskiptaháttum og heilbrigðum og traustum rekstri félagsins.
- Styðja við viðskiptastefnu félagsins.
- Hvetja til þess að gætt sé að langtímahagsmunum félagsins, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti.

Áhersla er lögð á að tryggja trausta og áhrifaríka áhættustjórnun með eftirfarandi hætti:

- Með góðum stjórnarháttum í tengslum við markmiðasetningu.
- Með því að bæði sé litið til fjárhagslegra og ófjárhagslegra markmiða við mat á árangri.

Starfskjarastefna KE er sett í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög („*hfl.*“) ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki („*ffl.*“) og reglna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („*FME*“) nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki („*reglur FME*“). Stjórn ber ábyrgð á starfskjarastefnu félagsins og að til staðar séu ferlar og eftirlit með því að henni sé fylgt. Árlega er álits starfsnefndar aflað á því hvort starfskjarastefna KE endurspeglar áhættustefnu og viðskiptalíkan félagsins.

Starfskjör

Stjórn félagsins ber ábyrgð á ráðningu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra og skulu kjör hans vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra

greiðslna til framkvæmdastjóra skal taka mið af menntun hans, reynslu, hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Framkvæmdastjóri ákvarðar starfskjör annarra starfsmanna. Kjör starfsmanna skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.

Framkvæmdastjóra er heimilt að gera starfslokasamninga við starfsmenn en sömu takmarkanir skulu vera á gerð þeirra eins og ákvæði laga (57 gr. b. laga nr. 161/2002) um gerð starfslokasamninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn kveða á um. Samkvæmt þeim er það einungis heimilt ef hagnaður hefur verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár og skulu greiðslur ekki vara lengur en 12 mánuði eftir starfslok. Stjórn er þó heimilt að veita framkvæmdastjóra rýmri heimild enda rúmist það innan ákvæða laga.

Starfskjör stjórnarmanna

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum (ef við á) fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, því umhverfi sem félagið starfar í, vinnuframlagi sem þörf er á starfsins vegna auk þess sem litið skal til þóknunar stjórnar- og nefndarmanna sambærilegra félaga. Stjórn skal taka ákvarðanir um lögboðnar greiðslur sem tengjast þóknun vegna stjórnarstarfa, svo sem mótfraðslög í lífeyrissjóð og skulu þær vera í samræmi við hvað gengur og gerist hjá starfsmönnum félagsins.

Upplýsa skal á hluthafafundi um aðrar greiðslur.

Launajafnrétti

KE hefur sett sér jafnréttisstefnu þar sem sérstaklega er kveðið á um launajafnrétti.

Fólki af ólíkum kynjum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu og jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kynferði, kynþætti, þjóðerni, trú, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu því ekki fela í sér ómálefnalega mismunun.

Jafnréttis skal gætt við úthlutun hvers konar þóknana og hlunninda, beinna eða óbeinna, og starfsfólk skal njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt óháð kynferði, kynþætti, þjóðerni, trú, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

KE verður hluti af jafnlaunavottunarferli Kviku banka árið 2022.

Kaupaukakerfi

Lög um fjármálafyrirtæki setja fjármálafyrirtækjum skordur varðandi greiðslur kaupauka til starfsfólks. Til þess að mögulegt sé að greiða út kaupauka innan þeirra heimilda sem lög og reglur kveða á um er nauðsynlegt að hafa í gildi kaupaukakerfi sem afmarkar heimildir fjármálafyrirtækis til greiðslu kaupauka.

Stjórn KE hefur samþykkt eftirfarandi kaupaukakerfi, sem sett er fram í samræmi við reglur FME og 57. gr. a. ffl.

Markmið og gildissvið kaupaukakerfis KE

Markmið með kaupaukakerfi þessu er einkum tvíþætt. Annars vegar að veita stjórn svigrúm til þess að umbuna fyrir góðan árangur starfsmanna. Hins vegar að skapa sveigjanleika í launauppbyggingu, þar sem aukið vægi breytilegs launakostnaður er til þess fallið að minnka þrýsting á hækkan fastra launa, minnka áhættu og sveiflur í afkomu félagsins og tengja þannig saman langtímahagsmunum starfsfólks og félagsins.

Stjórn félagsins er heimilt, en ekki skylt, að greiða starfsmönnum kaupauka í samræmi við kaupaukakerfi þetta. Kaupaukar mega að hluta eða öllu leyti samstanda af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum, svo sem áskriftarréttindum eða kaupréttum að hlutum í móðurfélagi KE.¹ Við framkvæmd kaupaukakerfisins er haft að leiðarljósi að:

- Byggja upp fyrirtækjamenningu sem einkennist af metnaði, fagmennsku, drifkrafti, þar sem góðir stjórnarhættir eru metnir og innri reglum og verkferlum er fylgt;
- Tryggja innleiðingu viðskiptastefnu og byggja upp virði fyrir hluthafa til lengri tíma litið;
- Tryggja að kaupaukar styðji við trausta áhættustýringu, hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku og ógni ekki eiginfjárgrunni, lausafjárstöðu eða stöðugleika félagsins;
- Valda ekki hagsmunaárekstrum;
- Viðhalda fjármálastöðugleika; og
- Stuðla að eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.

¹ Heimild þessi skal gilda til framtíðar og jafnframt um ógreidda kaupauka vegna ársins 2021.

Einungis þeir aðilar sem heimilt er lögum samkvæmt að greiða kaupauka geta hlotið kaupauka á grundvelli kaupakakerfisins. Áhættustýring, regluvörður og innri endurskoðandi skulu hafa eftirlit með og framkvæma árlega úttekt á veitingu kaupauka í samræmi við reglur FME.

Veiting kaupauka

Stjórn tekur endanlega ákvörðun um veitingu kaupauka í samræmi við fyrirfram skilgreind árangursviðmið að fenginni rökstuddri tillögu frá framkvæmdastjóra félagsins. Eigi að greiða framkvæmdastjóra kaupauka tekur stjórn ákvörðun á grundvelli tillögu frá stjórnarformanni.

Kaupauki skal einungis veittur í samræmi við fyrirfram skilgreind árangursviðmið sem samþykkt hafa verið af stjórn. Mælikvarðar sem árangursviðmið byggja á lúta m.a. að arðsemi eiginfjár félagsins, eiginfjárlutfalli, fylgni við lög og reglur, árangri starfsmanns, afkomu einingar, kostnaðarvitund, umbótavilja, ánægju viðskiptavina og þátttöku og stuðningi í tengslum við stefnu og fyrirtækjamenningu félagsins. Óheimilt er að greiða starfsfólki hærri kaupauka en lög og reglur FME heimila, nú 25% af árslaunum viðkomandi starfsmanns án kaupauka. Fresta skal greiðslu kaupauka í samræmi við lög og reglur FME, sem nú kveða á um að ef kaupauki er umfram 10% af árslaunum starfsmanns skal fresta greiðslu a.m.k. 40% af ákvörðuðum kaupauka til að minnsta kosti þriggja ára. Samanstandi kaupauki af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal gætt ákvæða 4. tölul. 2. mgr. 79. gr. a hfl. um frestun og eignarhald.

Verðmæti kaupauka sem samanstandur af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal miðast við markaðsverð, eða gangverð óskræðra gerninga, er kaupaukinn er veittur án tillits til frestunar.

Ekki er heimilt að ákvarða kaupauka óháð árangursmati. Framkvæmdastjóra er þó heimilt að ákvarða starfsmanni ráðningarkaupauka á fyrsta starfsári hans, án árangursmats og án atbeina stjórnar, innan þeirra marka sem kaupakakerfið og ákvæði ffl. og reglna FME setja.

Afturköllun, endurkrafa eða skerðing kaupauka

Félaginu er heimilt að afturkalla í heild eða að hluta ákvarðaðan en ógreiddan kaupauka starfsmanns, eða kaupauka sem frestað hefur verið, áður en að greiðsludegi hans kemur við einhverjar eftirfarandi aðstæður:

- Tilskilinn árangur hlutaðeigandi starfsmanns næst ekki,
- Tilskilinn árangur hlutaðeigandi einingar næst ekki,
- Fyrirséð er að félagið uppfylli ekki eða sé líklegt til að uppfylla ekki kröfur um Eiginfjárgrunn eða mat á eiginfjárbörf skv. 84. gr. ffl. eða kröfur reglna sem gilda um laust fé,
- Starfsmaður fylgir ekki innri reglum eða ferlum félagsins eða virðir ekki lög eða stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum.
- Hljóti félagið lán til þrautavara frá seðlabanka eða sambærilega fjárhagsaðstoð.
- Starfsmaður lætur af starfi hjá samstæðunni af eigin frumkvæði eða er sagt upp vegna brots í starfi.

Óheimilt er að ákvarða starfsmanni hámarkskaupauka ef einhver ofangreindra aðstæðna eru fyrir hendi.

Félaginu er heimilt að endurkrefja starfsmann um þegar greiddan kaupauka, í heild eða að hluta, ef í ljós kemur að starfsmaður var þátttakandi í eða bar ábyrgð á framferði sem olli félaginu verulegu tjóni eða brást starfsskyldum sínum verulega. Það sama á við verði starfsmaður uppvís að því að fylgja ekki lögum, reglum, stjórnvaldsfyrirmælum eða innri reglum félagsins. Einnig má endurkrefja um greiddan kaupauka ef í ljós kemur að árangur starfsmanns hefur að verulegu leyti vikið frá því sem gert var ráð fyrir við töku ákvörðunar um kaupauka.

Krafa um endurkröfu skal sett fram innan sjö ára frá veitingu kaupauka. Stjórn félagsins skal gæta sanngirni þegar ákvarðanir um endurkröfu eru teknar og leita álits utanaðkomandi lögfræðinga.

Kaupauki sem hefur verið frestað skal ekki greiddur þegar að fyrirhuguðum greiðsludegi kemur ef staða félagsins hefur versnað verulega eða útlit er fyrir að hún muni versna verulega.

Endurkrafa kaupauka sem samanstandur af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal taka mið af verðmæti þessara gerninga er þeir voru veittir. Hafi greiðslu verið frestað en verðmæti gerninganna rýrnað við greiðslu skal endurkráfan þó aldrei nema hærri fjárhæð en verðmæti gerninganna við greiðslu.

Kaupréttir samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003

- Stjórn Kviku banka hf. samþykkti á árinu 2021, í samræmi við heimild aðalfundar þann 21. apríl 2021, kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 sem heimilar Kviku banka hf. að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk samstæðu í samræmi við þá áætlun. Kaupréttir samkvæmt framangreindri áætlun eru hluti af föstum starfskjörum starfsfólks samstæðu Kviku á meðan áætlunin er í gildi og fellur áætlunin því ekki undir kaupakakerfi Kviku sem lýtur að breytilegum starfskjörum, sbr. kafla 5 í starfskjarastefnu þessari. Kaupréttaráætlunin uppfyllir eftirfarandi skilyrði 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og hefur stjórn félagsins staðfest þessa kaupréttaráætlun, þ.e.: Kaupréttur hafi náð til alls starfsfólks sem heimilt er að eiga hlutabréf.

- Hlutabréfum starfsfólks skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum.
- Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá Kvíku banka hf. eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu.
- Að lágmarki 12 mánuðir þurfi að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
- Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hluti/hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag.
- Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur.
- Hámark kaupa hvers starfsmanns sé samanlagt 1.500.000 kr. á ári, eða sú fjárhæð sem kveðið er á um í lögum um tekjuskatt hverju sinni, miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
- Kaupréttaráætlun skal staðfest af Skattinum áður en hún er sett á fót.

Upplýsingagjöf

Stjórn skal á aðalfundi gera grein fyrir kjörum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna félagsins, meginatriðum kaupaukakerfis og skýra frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu. Í ársreikningi skal gerð grein fyrir kerfinu og áunnum kaupaukaréttindum. Þar skulu koma fram upplýsingar um heildarskuldbindingar og greiðslur félagsins vegna kaupauka. Auk þess skal í ársreikningi gerð grein fyrir heildarstarfskjörum lykilstarfsmanna (ef við á) í samræmi við reikningsskilareglur.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

Samþykki starfskjarastefnu

Stjórn hefur samþykkt starfskjarastefnuna og öðlast hún gildi þegar aðalfundur hefur samþykkt hana.

Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar með eða án breytinga. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess.

Stjórn skal færa veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni til bókar í fundargerð og skulu þau frávik rökstudd. Stjórn félagsins skal gera grein fyrir slíkum frávikum á aðalfundi.

Samþykkt á aðalfundi í Reykjavík,
þann 22. mars 2022

Fundarstjóri fór yfir tillöguna og gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem löglega eru fram bornar

Engar tillögur lágu fyrir fundinum um breytingar á samþykktum félagsins.

7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hygðust gefa kost á sér til setu í stjórn skyldu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í félagsstjórn innan framboðsfrests:

Í framboði til stjórnar sem aðalmenn voru:
Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230367-5079,
Óttar Már Ingvason, kt. 190571-4089, og
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, kt. 101272-3469.

Í framboði til stjórnar sem varamenn voru:
Ólafur Páll Vignisson, kt. 031084-2109, og

Andrea Olsen, kt. 121280-2999.

Fundarstjóri úrskurðaði að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins innan framboðsfrests væru Hrönn Sveinsdóttir, Óttar Már Ingvason og Andri Vilhjálmur Sigurðsson sjálfkjörin sem aðalmenn í stjórn félagsins, sem og þau Ólafur Páll Vignisson og Andrea Olsen sem varamenn í stjórn, til næsta aðalfundar.

8. Kosning endurskoðenda félagsins

Næst á dagskrá var kosning endurskoðenda félagsins en tillaga stjórnar félagsins lá frammi á fundinum sem var eftirfarandi:

„Stjórn Kviku eignastýringar hf. leggur til við aðalfund félagsins að Deloitte ehf. verði kosið endurskoðendafélag félagsins fyrir árið 2022.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Engin kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða og var því endurskoðunarfélagið Deloitte ehf. kosið endurskoðendafélag félagsins með öllum atkvæðum.

9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar. Stjórn leggur til að þóknun stjórnarmanna verði eftirfarandi fyrir starfsárið 2022-2023:

- Laun stjórnarformanns verði kr. 583.000,- á mánuði.
- Laun stjórnarmanna verði kr. 371.000,- á mánuði.
- Varastjórnarmenn skuli fá greitt kr. 159.000,- fyrir hvern setin fund. Greiðsla til varamanns skal þó að lágmarki nema kr. 185.500,- á ári. (1/2 af mánaðarlaunum almennra stjórnarmanna).

Þá leggur stjórn Kviku eignastýringar hf. til við aðalfund félagsins að laun nefndarmanna í undirnefnd stjórnar verði eftirfarandi fyrir starfsárið 2022-2023:

- Laun nefndarmanna endurskoðunarnefndar stjórnar verði kr. 79.500 á mánuði.
- Laun nefndarmanna í áhættunefnd stjórnar verði kr. 79.500 á mánuði og tvöfalt fyrir formann eða kr. 159.000.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

10. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni félagsins orðið um þennan lið og flutti hann skýrslu um samantekt stjórnar um hlutafjäreign í félaginu og samstæðutengsl þess, sem einnig lá frammi á fundinum í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Engar athugasemdir bárust.

11. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust. Fundargerðin var lesin upp í lok fundar. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14:50.

Fundargerð þessi er undirrituð rafrænt af fundarstjóra og fundarritara með fullgildri rafrænni undirritun í kerfi Signet í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Andri V. Sigurðsson, fundarstjóri

Anna Daníelsdóttir, fundarritari

(Rafræn undirritunarsíða fylgir)

Undirritunarsíða

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Anna Daníelsdóttir